Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 29.03.2016
1603014 IE

Efni: Umsögn um frv. til breytinga á ákv. ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks), 144. mál, þskj. 144.

Allsherjar- og menntamálanefnd sendi Jafnréttisstofu með tölvubréfi dags. 10. mars 2016 til umsagnar frv. til laga um breytingu á ákv. ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks), 144. mál, þskj. 144.

Jafnréttisstofa styður það að frumvarp þetta verið að lögum.

Eins og bent er á í greinargerð með frumvarpinu þá myndi með samþykki þess vera stigið skref í þá átt að bæta réttarvernd fatlaðs fólks gegn mismunun á tilteknum sviðum. Jafnréttisstofa telur mikilvægt að bæta réttarvernd fatlaðs fólks með því að nefna fötlun sem eina af ólögmætum mismununarástæðum í þeim lögum sem tilgreind eru í frumvarpinu. Jafnframt telur Jafnréttisstofa brýnt að réttindi fatlaðs fólks hér á landi séu tryggð í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Jafnréttisstofa vill taka fram að bæta þyrfti réttarvernd fatlaðs fólks á vinnumarkaði enn frekar og bendir á að ekkert bólar enn á margboðuðu frumvarpi félags- og húsnæðismálaráðherra til laga um innleiðingu á tilskipun Evrópuráðsins nr. 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um bann við mismunun á vinnumarkaði, þar sem fötlun er talin upp meðal ólögmætra mismununarástæðna.

Jafnréttisstofa svarar fúslega spurningum nefndarinnar, ef einhverjar eru og er tilbúin til að koma á fund hennar, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur

Jafnréttisstofa, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri
Sími: 460 6200 Bréfsími: 460 6201 Netfang: jafnretti@jafnretti.is